

Borgarráð

Aðgerðir til þess að auka nýliðun í hópi dagforeldra í Reykjavík

Lagt er til að borgarráð samþykki að Reykjavíkurborg auki framboð á leiguhúsnæði sem stendur nýliðum í hópi dagforeldra til boða auk þess að niðurgreiða kostnað vegna námskeiðs sem haldið er fyrir verðandi dagforeldra og stuðli þannig að nýliðun í hópi dagforeldra í borginni.

Greinargerð:

Þörf er á að leita leiða til þess að auka nýliðun í hópi dagforeldra enda hefur dagforeldrum í Reykjavík fækkað á undanförunum árum. Lagt er til að Reykjavíkurborg komi að útvegun leiguhúsnæðis vegna starfsemi dagforeldra. Til þess að nýtt leiguhúsnæði skili sér í fjölgun dagforeldra skal skilyrða útleiguna við að dagforeldrar verði tveir í húsnæði og að minnsta kosti annar þeirra sé nýliði. Þá skal Reykjavíkurborg einnig koma til móts við kostnað vegna námskeiðs sem haldið er fyrir verðandi dagforeldra. Kostnaður vegna þessa aðgerða liggur ekki fyrir en kostnaðarmat mun fara fyrir borgarráð þegar matið hefur verið framkvæmt.

Dagur B. Eggertsson